

Ed.

776. Lög

um hlunnindi fyrir lánsfjélag.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjélag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði í fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjélög (Kreditforeningar) erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjélagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—3. gr. getur.

2. gr.

Fjélagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skulda-brjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálft sig.

3. gr.

Um sölu á fasteignum hefir fjélagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

4. gr.

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.